

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



20. apríl 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 531. mál á 152. löggjafarþingi

*Skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja o.fl.
(fjármögnun skilasjóðs, iðgjöld og fyrirkomulag Tryggingasjóðs)*

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir þær áhyggjur sem komu fram í umsögn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) við drög að frumvarpinu í samráðsgátt, af breytingum sem eru lagðar til á 4. gr. laga nr. 98/1999, um samsetningu og skipan stjórnar sjóðsins. Það má aldrei gerast að hægt verði að líta á tryggingarsjóðinn sem ríkisstofnun með tilheyrandi ríkisábyrgð, enda væri það í hrópandi andstöðu við sögulegan dóm EFTA-dómstólsins í máli E-16/11.

Jafnframt leggjast samtökin alfarið gegn þeirri tillögu í frumvarpinu að einn stjórnarmaður TIF verði tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja, en enginn fyrir hönd innstæðueigenda. Ekki síst í ljósi þess að aldrei kemur til kasta TIF nema ef fjármálafyrirtæki verður ógjaldfært, en á sama tíma mega einstaklingar sem verða gjaldþrota ekki sitja í stjórnnum almannaheillasamtaka. Samtökin leggja til að úr þessu verði bætt með því að annar þeirra stjórnarmanna sem lagt er til að sé skipaður af ráðherra, verði tilnefndur af samtökum sem gæta hagsmuna neytenda á fjármálamarkaði.

Forgangur krafna vegna innstæðna samkvæmt 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, eins og þeim var breytt með svokölluðum neyðarlögum nr. 125/2008, reyndist hafa úrslitapýðingu við uppgjör bankanna sem féllu í fjármálahrununu. Að þessu sögðu er þó mikilvægt að hafa í huga að fjármálafyrirtæki geta sniðgengið forgangsregluna með útgáfu svokallaðra sértryggðra skuldabréfa, þar sem veðkröfur ganga frammar almennum kröfum samkvæmt íslenskum rétti. Það hafa núverandi bankar einmitt gert í sífellt vaxandi mæli allar götur frá stofnun þeirra. Þessu þarf að bæta úr og samtökin leggja því til að þeim kröfum sem tryggingarsjóðurinn myndi eignast ef kæmi til greiðslu úr sjóðnum, verði veitt lögveð í eignum viðkomandi fyrirtækis, sem gangi frammar öðrum veðkröfum við gjaldprotaskipti, slit eða skilameðferð fjármálafyrirtækja samkvæmt íslenskum rétti.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is